

Nd.

## 557. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

2. málsgrein 2. gr. laganna orðist þannig:

Auk þessa styrks fær hvert sjúkrasamlag greitt úr ríkissjóði eftir á, samkvæmt ársreikningi þess, upphæð, sem nemur  $\frac{1}{4}$  hluta af sjúkrahússkostnaði, þó aldrei meira en kr. 1.50 á legudag hvern.

2. gr.

Á eftir c-lið 2. tölul. 3. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Gift kona getur ekki orðið hluttækur félagi í sjúkrasamlagi, ef maður hennar hefir hærri tekjur en hér greinir.

2. tölul. d. í sömu grein orðist þannig:

Eigi ekki skuldlausar eignir, er nemi meira en 10 þús. kr., ef um einstakling er að ræða, en ef hjón eru, 15 þús. kr.

5. tölul. sömu greinar orðist þannig:

Réttindi hluttækra samlagsmanna skulu vera: læknishjálp, sjúkrahússvist og lyf, samkvæmt því, sem nánar er tekið fram í samþykktum hvers samlags. En jafnan skal þó hver félagi greiða sjálfur lyf þau að fjórðungi, er hann fær í heimahúsum eða utan sjúkrahúss.

Sjúkrasamlög skulu veita félögum sínum kost á að tryggja sér dagpeninga, sem þó mega ekki vera hærri en nemi  $\frac{2}{3}$  af venjulegum tekjum hlutaðeiganda. Dagpeningagreiðslur falla niður, ef sjúklingur hefir tekjur sínar óskertar. ♣

3. gr.

Á eftir 3. gr. laganna koma tvær nýjar greinar, sem verða 4. og 5. gr. svo hljóðandi:

a. (4. gr.). Komi það fyrir, að umsækjandi í sjúkrasamlagi hafi visvitandi gefið rangar upplýsingar, t. d. um aldur, heilsufar, tekjur eða eignir, er hann skyldur að endurgreiða allt, er samlagið hefir þurft að greiða vegna hans.

Ef tekjur eða eignir hluttæks samlagsmanns fara yfir hámark það, sem ákveðið er í 2. gr., c- og d-liðum, er hann skyldur til að tilkynna það stjórn samlagsins áður en einn mánuður er liðinn frá því honum er kunnugt um breytinguna. Geri hann það ekki, er hann skyldur að endurgreiða samlaginu allan þann kostnað, er það hefir greitt vegna hans frá þeim tíma, er hann hætti að fullnægja framangreindum skilyrðum. Ekki eiga menn þeir, sem um ræðir í 1. og 2. málsg., neina kröfu um endurgreiðslu á neinu af því fé, er þeir hafa greitt í samlagssjóð.

b. (5. gr.). Nú nær sjúkrasamlag ekki viðunandi samningum við þá, er það þarf að semja við. Er þá stjórnarráðinu heimilt að undanþiggja samlagið, að meira eða minna leyti, þeirri skyldu að sjá félögum sínum fyrir lækni-  
ishjálp, lyfjum og sjúkrahúsvist. Skal þá að loknu reikningsári greiða sam-  
lagsmönnum sjálfum upp í sjúkrakostnað þeirra, samkvæmt kvittuðum  
sundurliðuðum reikningum frá læknum, lyfjabúðum eða sjúkrahúsum, eft-  
ir því sem fjárhagur samlagsins leyfir, þó aldrei meira en  $\frac{2}{3}$  af upphæð  
reikninganna.

Nú kemur það fyrir, að stjórn sjúkrasamlags sér það, að útgjöld þessi  
verða svo mikil, að hætta er á því, að samlagið komist í fjárþrot. Skal hún þá  
kalla saman aukafund í samlaginu, og ráðstafar hann, á hvern hátt ráða skuli  
fram úr málinu. Er þá heimilt samkvæmt ályktun þessa fundar, hvenær sem er  
á reikningsárinu:

- 1) Að hækka iðgjöld samlagsmanna, svo sem þurfa þykir.
- 2) Að undanþiggja samlagið, að meira eða minna leyti, þeirri skyldu að sjá  
félögum sínum fyrir lækni- og sjúkrahúsvist.

Ákvarðanir slíkra funda öðlast þó ekki gildi fyrr en þær hafa verið stað-  
festar af stjórnarráði Íslands, og hefir það vald til að breyta þeim, ef nauðsyn-  
legt þykir.

4. gr.

4. og 5. gr. laganna verða 6. og 7. gr.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlzt staðfesting konungs, skal færa breytingar þær  
og viðauka, sem ræðir um í þeim og í lögum nr. 28, 14. júní 1929, 1. gr., inn í  
texta laga um sjúkrasamlög, nr. 81, 28. nóv. 1919, og gefa þau út sem lög um  
sjúkrasamlög.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frv. þessu fylgdi eftirfarandi erindi og greinargerð frá stjórn Sjúkrasam-  
lags Reykjavíkur. Nefndin hafði sent landlækni frv. til umsagnar og upplýs-  
inga í málinu og lætur prenta álit hans og skýringar sem fylgiskjal með frv.

„Reykjavík, 23. febrúar 1932.

Vér leyfum oss hér með að senda hinni háttvirtu allsherjarnefnd neðri  
deildar Alþingis hjálagt frumvarp um breytingu á lögum um sjúkrasamlög, í  
þeirri von, að nefndin sjái sér fært að flytja það á þessu þingi, sem nú situr  
að störfum.

Vér teljum mjög nauðsynlegt, að frumvarp þetta verði að lögum, vegna

Þess, að það getur orðið til eflingar fyrir starfsemi sjúkrasamlaganna hér á landi. Vér gerum einnig fastlega ráð fyrir því, að allir telji þá starfsemi til hinna mestu heilla fyrir þjóðina, bæði fjárhagslega og menningarlega.

Ákvæði nógildandi laga um sjúkrasamlög eru flest síðan 1915 og 1917 — einstaka yngri. Það virðist því ekki vera ólíklegt, að þörf sé orðin á breytingum og viðaukum. — 1917 var t. d. daggjald í sjúkrahúsi aðeins 2 kr.

Meðfylgjandi frumvarp er samið með hliðsjón af reynslu þeirri, er fengizt hefir af starfsemi Sjúkrasamlags Reykjavíkur, sem er elzta almenna sjúkrasamlagið hér á landi.

Um einstakar greinar frumvarpsins leyfum vér oss að taka þetta fram:

#### Um 1. gr.

Þar er farið fram á að hækka að mun styrk þann, er samlögin njóta frá rikissjóði. Er þar — ásamt fjárförf samlaganna — stuðzt við lög Dana um sjúkrasamlög, en þeir munu vera sú þjóð, sem mesta hefir reynsluna og þekkinguna í þessum efnun. En auk þessa styrks munu dönsku samlögin fá greitt úr rikissjóði 15% af lyfjakostnaði og 15% af læknakostnaði. Þar að auki njóta samlögin ýmsra mikilla hlunninda við sjúkrahús ríkisins.

#### Um 2. gr.

Breytingar á c- og d-liðum 2. tölul. 3. gr. eru aðallega til að taka af allan efa um þessi atriði.

Breytingin á 5. tölul. sömu gr. snertir aðallega dagpeninga trygginganna. Vér teljum miklu heppilegra, að samlagismenn eigi kost á að tryggja sér dagpeninga, en séu hinsvegar ekki skyldir til þess, eins og nógildandi lög virðast ætlast til. Sjúkrasamlögin hér á landi eru svo fjárvana og starfsemi þeirra yfirleitt svo skammt á veg komin ennþá, að þau geta ekki veitt dagpeningatryggingar, sem verulega munar um. Auk þess mun það vera reynsla erlendra sjúkrasamlaga, að dagpeningatryggingin sé sú grein starfseminnar, sem krefjist einna mestrar varúðar.

#### Um 3. gr.

- a. Um þennan hluta þarf ekki að fjölyrða. Það er nauðsynlegt að hafa einhver viðurlög við röngum upplýsingum og vanrækslu á að gefa réttar upplýsingar. Vér teljum, að viðurlögin geti ekki mildari verið en hér er gert ráð fyrir.
- b. Þar er gert ráð fyrir neyðarráðstöfunum, ef vandræði steðja að sjúkrasamlagi. Nógildandi lög telja aðeins skyldur samlaganna um að veita læknishjálp, sjúkrahúsvist og lyf að  $\frac{3}{4}$  hlutum. Samlögin virðast vera nauðbeygð til þess að ganga að þeim skilmálum, er læknar, sjúkrahús og lyfjabúðir setja um viðskipti sín við þau. Þessi aðstaða getur orðið samlögunum stórhættuleg, því vegna hennar hafa þau raunverulega engan möguleika til þess að semja um þessi viðskipti sín, frekar en fyrrnefndir aðilar góðfúslega leyfa þeim.

Svipað er að segja um aðstöðu stjórnar í sjúkrasamlagi. Hún hefir ekki vald til að gera neinar gildandi ráðstafanir, þótt hún sjái á miðju reikningsári, að útgjöldin séu að vaxa samlaginu svo yfir höfuð, að til fjárskorts

geti komið. Vér teljum því nauðsynlegt, að þessar fyrrnefndu neyðarráðstafanir verði lögheimilaðar. Ákvæðið um staðfestingu stjórnarráðsins hlýtur að tryggja það, að þessum ákvæðum verði ekki beitt að ástæðulausu.

Um 5. gr.

Stjórnartíðindin fyrir 1919 eru nú ófáanleg, og þá um leið löginn um sjúkrasamlög. Það má því telja nauðsynlegt, að löginn verði nú gefinn út í heild.

Eins og vér höfum tekið fram hér að framan, væntum vér þess, að háttvirt allsherjarnefnd og háttvirtir alþingismenn yfirleitt sjái, að hér er menningarstarfsemi að verki, og væntum vér þess því, að þeir leggi henni þann liðsauka, sem henni er nauðsynlegur, svo að hún geti haldið áfram. Ef háttvirt Alþingi aftur á móti daufheyrir við óskum um fjárhagslegan stuðning, er ekki annað sýnna en að stórlega muni draga úr starfsemi sjúkrasamlaganna, svo að þau verði jafnvel að hætta störfum.

Vér trúum ekki að óreyndu, að til þess þurfi að koma.

Virðingarfyllst.

F.h. Sjúkrasamlags Reykjavíkur.

Jón Pálsson,  
p. t. form.

Guðgeir Jónsson,  
p. t. ritari.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis“.

### Fylgiskjal.

LANDLÆKNIRINN. Reykjavík, 14. apríl 1932.

Hér með aftur frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 81, 28. nóv. 1919, um sjúkrasamlög.

Nefndinni til leiðbeiningar um það, hvern kostnað ákvæði 1. greinar frumvarpsins myndu hafa í för með sér fyrir ríkissjóð, læt ég henni í té meðfylgjandi skýrslu um dagpeningagreiðslur, sængurkvennakostnað og sjúkrahúsa-kostnað lögskráðra sjúkrasamlaga í landinu síðastliðin 5 ár.

Eins og skýrslan ber með sér, hefir þessi kostnaður orðið samtals:

		Par af hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur:
1927	..... kr. 37619,77	kr. 28332,90
1928	..... — 43128,99	— 31027,90
1929	..... — 49586,62	— 40537,63
1930	..... — 56110,01	— 42479,00
1931	..... — 88484,26	— 75543,00
	Samtals kr. 274929,65	kr. 217920,43

Endurgreiðslur úr rikissjóði upp í þennan kostnað samkvæmt gildandi lögum hafa numið hin sömu ár:

		Par af til S. R.
1927 .....	kr. 2200,10	kr. 1620,75
1928 .....	— 2864,20	— 1885,50
1929 .....	— 2908,57	— 2254,50
1930 .....	— 3497,24	— 2699,15
1931 .....	— 4000,00 (ca.)	— 3024,75
	<hr/>	<hr/>
	Samtals kr. 15470,11	kr. 11484,65

Samkvæmt 1. grein þessa frumvarps mundu endurgreiðslur hafa numið, að öðru óbreyttu, sem hér segir:

		Par af til S. R.
1927 .....	kr. 9429,94	kr. 7083,23
1928 .....	— 10782,25	— 7756,98
1929 .....	— 12396,66	— 10134,41
1930 .....	— 14027,50	— 10619,75
1931 .....	— 22121,07	— 18885,75
	<hr/>	<hr/>
	Samtals kr. 68757,42	kr. 54480,12

En ef sjúkrasamlögum yrðu veitt þau hlunnindi, sem hér er farið fram á, má að sjálfsgöðu gera ráð fyrir því, að þeim mundi fjölga mjög verulega, og þau, sem fyrir eru, bæta við meðlimatölu sína, og að sama skapi mundu þá þessi útgjöld rikissjóðs aukast.

Hin stórkostlega aukning kostnaðar sjúkrasamlaganna 1931 kemur öll niður á Sjúkrasamlagi Reykjavíkur og mun nær eingöngu vera vegna sjúkrasjúkrahúsaukningarinnar í bænum, er landsspítalinn tók til starfa. Áður hefir bærinn búið við sjúkrasjúkrahús kort, sem landsspítalinn hefir bætt úr. Með því að ekki eru líkur til, að sjúkrasjúkrahúsrúm aukist hér á næstunni svo neinu nemi, verður ekki gert ráð fyrir tilsvarendi kostnaðarauka hin næstu ár.

Eins og nú er búið að sjúkrasamlögum hér á landi, sér fólk sér of lítinn hag í að ganga í þau, til þess að þau eflist að nokkrum mun. Þó að lög hafi verið til um sjúkrasamlög síðan 1911, eru þau enn ekki orðin nema 9 alls í landinu, og raunar aðeins eitt, sem nokkuð kveður að, þ. e. Sjúkrasamlag Reykjavíkur. Á 5 árum hefir aðeins 1 samlag verið stofnað, og það með örfáum meðlimum.

Meðlimatala allra samlaga í landinu hefir numið hin síðustu 5 ár:

		Par af S. R.
1927 .....	3070	2161
1928 .....	3487	2514
1929 .....	4108	3006
1930 .....	4796	3599
1931 .....	5300 ca.	4033

og getur ekki heitið um neina aukningu að ræða, þegar frá er skilið Sjúkrasam-  
lag Reykjavíkur.

Fyrir því hafa verið sett lög um sjúkrasamlög og ákveðið að styrkja þau með fjárframlögum úr rikissjóði, að löggjafarvaldið vill ýta undir þá starfsemi, enda mun það sameiginlegt álit allra siðaðra þjóða, að þau beinu útgjöld, sem ríki og sveitarfélög leggja fram til þess að sjúkrasamlög geti þrífzt og staðið föstum fótum, svari margfaldlega kostnaði.

Danir, sem standa flestum þjóðum frammar að ýmiskonar félagslegri menningu, sýna það ekki sízt í því, hvernig þeir búa að sjúkrasamlögum sínum. Enda sér þess stað og er mikið á mununum þar og hér. Þar eru allt að 70% þjóðarinnar skráðir í sjúkrasamlög, en hér á landi aðeins ca. 5%.

Hér fer á eftir samanburður á ríkisstyrk til sjúkrasamlaga í Danmörku og hér á landi:

	Í Danmörku:	Á Íslandi:
Styrkur fyrir hvern samlagsmann . . . . .	kr. 2,00	kr. 2,00
Endurgreiðslur:		
Af dagpeningum . . . . .	¼	0
— sængurkvennakostnaði . . . . .	¼	0
— sjúkrahúskostnaði . . . . .	¼	¼ *
— lyfjakostnaði . . . . .	15%	0
— lækniskostnaði . . . . .	15%	0

Auk þessa hafa dönsku sjúkrasamlögin stórkostlega óbeina styrki frá ríki og sveitarfélögum á þann hátt, að daggjöld sjúkrahúsa þeirra eru víðast ekki nema brot af hinum raunverulega kostnaði, og þar á ofan fá samlögin mjög mikinn afslátt af þeim gjöldum, jafnvel allt að ¾ hlutum. Á bæjarspítalanum í Kaupmannahöfn greiða þannig sjúkrasamlögin fyrir meðlimi sína eina 60 aura á dag.

Rekstrarstyrkir til sjúkrahúsa hér á landi eru hinsvegar svo naumir, að þau verða að miða daggjöldin nokkurn veginn við allan rekstrarkostnaðinn. Og sjúkrasamlögin fá síðan engan eða mjög óverulegan afslátt fyrir meðlimi sína.

Þegar upphaflega var ákveðið (1917) að endurgreiða sjúkrasamlögunum ¼ sjúkrahúskostnaðar, mun tilætlunin áreiðanlega hafa verið sú, að fjórði hlutinn yrði í raun og veru endurgreiddur. Mun 75 aura hámarkið þá hafa verið mjög nærri lagi, eða jafnvel riflega til tekið. Síðan hafa daggjöldin að minnsta kosti tvöfaldast, auk þess sem það hefir mikið færzt í vöxt, að menn noti sjúkrahús. Annar styrkur til sjúkrasamlaga, kr. 2,00 (2,25) fyrir hvern samlagsmann, hefir haldizt óbreyttur síðan 1915. Og má raunar segja, að styrkur til sjúkrasamlaga hafi, fyrir hið breytta verðlag, farið stórkostlega lækkandi á þessu tímabili, og mun slíkt ekki eiga neinar hliðstæður.

Loks set ég hér, nefndinni til athugunar, samanburð í hundraðstólum á sundurliðuðum tekjum og gjöldum dönsku sjúkrasamlaganna og Sjúkrasamlags Reykjavíkur á síðustu 5—6 árum:

\*) Hámark 0,75 á samlagsmann.

Tekjur:	Dönsk samlög:	S. R.:
Iðgjöld .....	61,9%	74,7%
Ríkisstyrkur .....	30,1—	5,9—
Sveitarstyrkur .....	2,4—	10,5—
Ýmislegt .....	5,6—	8,9—
	-----	-----
	100,0%	100,0%
 Gjöld:		
Dagpeningar .....	17,6%	4,5%
Sængurkvennakostnaður .....	2,2—	2,2—
Sjúkrahúskostnaður .....	16,4—	27,3—
Læknishjálp .....	39,1—	43,9—
Lyf .....	10,1—	16,0—
Stjórnarkostnaður .....	9,8—	4,2—
Ýmislegt .....	4,8—	1,9—
	-----	-----
	100,0%	100,0%

Ég geri ráð fyrir, að nefndinni sé ljóst af því, sem hér að framan er greint, að viðgangur sjúkrasamlaganna er enginn í landinu, enda sé ekki við því að búast, á meðan ríkið styður ekki betur þá starfsemi en það hefir gert til þessa.

Hér í Reykjavík hefir öll viðleitni verið höfð til þess að halda uppi öflugu sjúkrasamlagi, en eins og nefndinni er kunnugt, liggur nú við borð, að það verði að hætta störfum, nema því komi veruleg hjálp, og þar á meðal frá ríkissjóði. En ef Sjúkrasamlag Reykjavíkur á að leggjast niður, er það allt að því dauðadómur yfir allri sjúkrasamlagastarfsemi í landinu. Alþingi hefir áreiðanlega mjög alvarlegum skyldum að gegna í þessu efni.

Önnur ákvæði frumvarpsins en þau, sem rædd hafa verið hér að framan, þurfa ekki sérstakra skýringa. Er þar aðallega um tryggingarráðstafanir að ræða fyrir sjúkrasamlögin, sem þeim eru einkum nauðsynlegar meðan þau standa á svo völtum fótum fjárhagslega sem nú er raun á.

Vilm. Jónsson.

Til allsherjarnefndar neðri deildar Alþingis.

**Skýrsla um dagpeningagreiðslur, sængurkvennakostnað og sjúkrahúsa-  
kostnað sjúkrasamla árin 1927—1931.**

	Dagpeningar	Sængurkvenna- kostnaður	Sjúkrahúsa- kostnaður	Samtals
<b>1927</b>				
Sjúkrasamla Reykjavíkur .....	3541,00	2040,00	22751,90	28332,90
— prentara í Reykjavík .....	2044,00	»	»	2044,00
— Hafnarfjarðar og Garðahrepps ..	939,50	210,00	2475,30	3624,80
— Akraness .....	147,50	100,00	476,00	723,50
— Sauðárkróks .....	134,00	80,00	558,77	772,77
— Siglufjarðar .....	207,00	20,00	27,45	254,45
— Akureyrar .....	122,00	»	470,35	592,35
— Seyðisfjarðar .....	288,00	45,00	942,00	1275,00
Samtals	7423,00	2495,00	27701,77	37619,77
<b>1928</b>				
Sjúkrasamla Reykjavíkur .....	4635,50	2340,00	24052,40	31027,90
— prentara í Reykjavík .....	2336,00	»	661,50	2997,50
— Hafnarfjarðar og Garðahrepps ..	801,50	280,00	3305,75	4387,25
— Akraness .....	319,75	40,00	1382,10	1741,85
— Sauðárkróks .....	45,00	120,00	282,50	447,50
— Siglufjarðar .....	26,00	50,00	1504,05	1580,05
— Akureyrar .....	22,00	»	226,35	248,35
— Seyðisfjarðar .....	122,25	105,00	471,34	698,59
Samtals	8308,00	2935,00	31885,99	43128,99
<b>1929</b>				
Sjúkrasamla Reykjavíkur .....	6230,50	2880,00	31427,13	40537,63
— prentara í Reykjavík .....	1580,00	»	1063,00	2643,00
— Hafnarfjarðar og Garðahrepps ..	1031,00	320,00	2618,10	3969,10
— Akraness .....	51,00	90,00	761,89	902,89
— Sauðárkróks .....	92,50	80,00	512,00	684,50
— Siglufjarðar .....	»	30,00	30,00	60,00
— Akureyrar .....	»	»	246,00	246,00
— Seyðisfjarðar .....	170,25	135,00	238,25	543,50
Samtals	9155,25	3535,00	36896,37	49586,62
<b>1930</b>				
Sjúkrasamla Reykjavíkur .....	6503,00	3540,00	32436,00	42479,00
— prentara í Reykjavík .....	3298,00	»	828,25	4126,25
— Hafnarfjarðar og Garðahrepps ..	1084,00	280,00	3735,80	5099,80
— Akraness .....	288,00	40,00	422,40	750,40
— Sauðárkróks .....	23,50	80,00	259,05	362,55
— Siglufjarðar .....	269,50	40,00	1737,61	2047,11
— Akureyrar .....	»	»	350,00	350,00
— Seyðisfjarðar .....	411,00	90,00	363,90	864,90
— Fljótshlíðar .....	»	30,00	»	30,00
Samtals	11877,00	4100,00	40133,01	56110,01
<b>1931</b>				
Sjúkrasamla Reykjavíkur .....	7723,00	2820,00	65000,00	75543,00
— prentara í Reykjavík .....	1462,00	»	593,00	2055,00
— Hafnarfjarðar og Garðahrepps ..	1096,00	380,00	3726,35	5202,35
— Akraness .....	»	90,00	1896,26	1986,26
— Sauðárkróks .....	95,00	100,00	279,50	474,50
— Siglufjarðar .....	133,00	60,00	858,30	1051,30
— Akureyrar .....	»	»	836,55	836,55
— Seyðisfjarðar .....	216,00	120,00	891,30	1227,30
— Fljótshlíðar .....	»	30,00	78,00	108,00
Samtals	10725,00	3600,00	74159,26	88484,26